

Sprotasjóður

RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri

Borgum v/Norðurlóð - 600 Akureyri

Lokaskýrsla

Sameiginleg skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

2012 - 2013

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Nafn verkefnisins: Sameiginleg skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Nafn verkefnisstjóra: Jón Hilmarsson, skólastjóri

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: 2012

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að gera sameiginlega skólanámskrá fyrir sameinaðan leik- og grunnskóla í Hvalfjarðarsveit. Draga fram það sem skólarnir eiga sameignlegt og búa til heildstætt ferli barns frá upphafi leikskóla til loka grunnskóla.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefni fór af stað síðasta haust hjá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Skipað var í skólanámskrárteymi:

- Jón Hilmarsson, skólastjóri
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Sviðsstjóri Heiðarskóla
- Þórdís Þórisdóttir, Sviðsstjóri Skýjaborgar
- Einar Sigurdór Sigurðsson, kennari í Heiðarskóla
- Sigurður Tómasson, kennari í Heiðarskóla
- Sara Margrét Ólafsdóttir, leikskólakennari í Skýjaborg

Auk þess var ráðinn sérfræðingur í skólanámskrárvinnu, Dr. Ingvar Sigurgeirsson frá Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Í samráði við Ingvar var sett upp skipulag vinnunnar fyrir veturinn. Skólanámskrárteymið hittist 1-2 í mánuði ýmis með Ingvari eða sér. Á fundum var farið yfir þann málaflokk sem taka átti fyrir hverju sinni og einnig að vinna úr þeim athugasemdum sem komu fram á vinnufundum með öllu starfsfólki skólans. Haldnir voru fimm vinnufundur á mánudögum frá kl. 17:15-20:00 með öllu starfsfólki skólans. Á fundunum var fyrir yfir hvern kafla fyrir sig, sem skólanámskrárteymið hafði undirbúið. Á næsta fundi á eftir voru gerðar lítilsháttar breytingar ef þess þurfti og síðan kaflinn samþykktur.

Í vetur voru unnir þrjú kaflar í skólanámskrána, þ.e.:

- Stefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
- Samstarf og samfella í leik- og grunnskóla
- Grunnþættirnir sex

Á síðast vinnufundinum voru allir kaflarnir lagðir fram eftir að búið var að prófarkalesa þá. Síðan voru þeir lagðir fram til samþykktar á skóla- og fræðslunefndarfundi Hvalfjarðarsveitar. Kaflanir þrjú fylgja með í viðhengi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Skólanámskrárvinnunni er ekki lokið, hefðum vilja komast yfir meira. En samt, það sem var gert, var vel gert og ljóst að það sem er eftir verður klárað næsta vetur. Ferlið er því í góðum farvegi, faglega og efnislega.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Okkur fannst mikilvægt að allir starfsmenn skólans kæmu að skólanámskrárgerðinni, þess vegna var ekki hægt að hafa fundina á vinnutíma. Haldnir voru fimm stórir vinnufundir á mánudögum frá kl. 17:15 til 20:00.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn er sú faglega umræða sem á sér stað meðal starfsfólks um nám og kennslu barna og ungmenna. Stillir saman strengi starfsfólks, það er hlustað á það og það sem það hefur til málanna að leggja það kemur fram í stefnu og áherslum skólans – eignarhald vinnunar og afrakstur hennar er starfsfólksins alls.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Vel tókst til með vinnuskipulag og vinnuálag. Fólkið var almennt ánægt með sitt framlag og afurðina, þ.e. þá þrjá kafla sem búnir eru.

Að verkefninu komu einnig nemendur og foreldrar, haldin voru annars vegar nemendaping og hins vegar foreldraping þar sem góð og gagnlegar ábendingar komu fram sem nýttust vel inn í vinnuna.

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Það hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið, skapað umræðu um nám og kennslu og markað leiðir til meiri metnaðar í skólamálum sveitarfélagsins.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Í vetur voru unnir þrjú kaflar í skólanámskrána, þ.e.:

- Stefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
- Samstarf og samfella í leik- og grunnskóla
- Grunnþættirnir sex

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Markmið vetrarins náðust með þeim þremur köflum sem voru unnir í vetur. Miðað við samanburð við aðra skóla og umræðu á vinnusmiðju í apríl á vegum Menntamálaráðuneytis um nýja aðalnámskrá þá stöndum við vel að vígi og faglega.

- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Áframhaldandi vinna við skólanámskrána fer fram næsta vetur. Vorið 2014 verður skólinn kominn með fullgilda skólanámskrá til að starfa eftir og tekur mið af nýrri aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Þeir kaflar sem eru búnir verða kynntir í skólanámskrá skólans sem kemur út í haust.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Styrkveitingin hefur gert okkur kleift að fá til liðs við okkur mjög hæfan leiðbeinanda sem hefur gagnast mjög vel og einnig gert okkur kleift að tryggja aðkomu allra starfsmanna skólans að vinnunni sem er mjög mikilvægt til að sjónarmið allra hagsmunaaðila skólans komist að og eignarhald á vinnunni verði víðtækt.